

79 **Brjef stjórnarráðsins** til bæjarfógetans á Íslafirði um *kæru út af kosningu* 20. maí. *lögregluþjóns*.

Fjórir bæjarfulltrúar í Ísafjarðarkaupstað hafa sent stjórnarráðinu kæru, dags. 20. mars þ. á., útaf kosningu á lögregluþjóni fyrir kaupstaðinn, sem fram fór á bæjarstjórnarfundi 18. s. m.; fylgdi kærinni útskrift úr gjörðabók bæjarstjórnar af fundi þessum. Eftir að stjórnarráðið með brjefi yðar, herra bæjarfógeti, dags. 22. f. m., hefir borist umsögn yðar um mál þetta, er svofeldur úrskurður lagður á það.

Á nefndum bæjarstjórnarfundi komu fram umsóknir um lögregluþjónsstöðuna, sem auglýst hafði verið laus, frá tveim mönnum, og hafði annar þeirra sent umsókn sína áður en umsóknarfresturinn var liðinn, en hinn hafði að honum útrunnum sótt um stöðuna eftir tilmælum yðar. Sjö bæjarfulltrúar auk oddvita voru á fundi en tveir fjarverandi. Á fundinum kom fram tillaga um að fresta kosningu lögregluþjónsins, en hún var feld. Fór svo kosningin fram og fengu umsækjendur sín fjögur atkvæði hvor, og úrskurðuðu þjer annan þeirra, sem þjer höfðuð mælt með til starfans samkvæmt 18. gr. bæjarstjórnarlaga nr. 23, 8. okt. 1883, löglega kosinn, en þeir fjórir bæjarfulltrúar, sem kærana hafa sent, mæltu þegar á móti því, að kosningin væri lögleg. Er það aðalkrafa þeirra í kærinni, að stjórnarráðið leggi fyrir yður að lýsa því yfir eða úrskurði sjálf, að sá umsækjandanna, sem sótt hafði áður en umsóknarfresturinn var útrunninn, sje löglega kosinn, því ólöglegt sje að taka umsókn hins til greina af því hún kom ekki fyr en umsóknarfresturinn var útrunninn og atkvæði þau, er honum voru greidd, því þýðingarlaus. En varakrafa kæranda er sú, að stjórnarráðið leggi fyrir yður að láta hlutkesti fara fram milli nefndra tveggja umsækjanda úr því þeir fengu jafnmörg atkvæði.

Þó að frestur til umsóknar stöðu sje settur, er ekkert því til fyrirstöðu, enda venja, að teknar sjeu til greina umsóknir, sem koma fram að frestinum liðnum, nema ákvörðun um veitinguna hafi þegar verið tekin og afgreidd. Því var fullkomlega lögmeitt að láta kjósa um báða umsækjendur á nefndum bæjarstjórnarfundi. Aðalkrafa kæranda verður því ekki tekin til greina.

Samkvæmt nefndri 18. gr. bæjarstjórnarlaganna frá 8. okt. 1883 setur bæjarstjórnin lögregluþjóna eftir tillögum bæjarfógeta. Bæjarstjórnin hefir eftir orðum tilvitnaðrar lagagreinar veitingarvaldið, en bæjarfógeta er rjett, og væntanlega líka skylt, að gera um málið tillögu. Nú fengu þeir tveir menn, er um starfann sóttu, jöfn atkvæði, fjögur hvor af átta, sem á fundi voru, að bæjarfógeta meðtöldum. Bæjarfógeti hefir atkvæðisrjett, en atkvæði hans ræður þó ekki úrslitum, þótt jöfn sjeu atkvæði, sjá 2. gr. sbr. við 12. gr. nefndra laga 8. okt. 1883. Átti því í þessu máli hlutkesti að ráða samkvæmt 12. gr. tjeðra laga.

Nú getur bæjarfógeti, samkvæmt 18. gr. laganna frá 1883, vikið þeim frá, er bæjarstjórn hefir kosið til lögregluþjóns, án tilstyrks bæjarstjórnar, og leiðir þá af því, að bæjarstjórn getur kosið þann aftur og aftur, er bæjarfógeti vikur jafnharðan frá, eða ef til vill að bæjarstjórn neitar loks um fjárveitingu til að launa starfsmanninn og bæjarfógeti kynni þá að verða án aðstoðar hans,

sbr. þó 13. gr. nefndra laga 1883. Þetta ástand væri mjög óheppilegt. Því **79**
þykir rjettast eftir atvikum, og sjerstaklega þar sem tvo bæjarfulltrúa vantaði á **20. maí**
fundinn 18. mars þ. á., að lögregluþjónssýslanin verði auglýst laus af nýju með
hæfilegum fresti og síðan veitt eins og lög mæla fyrir, en þangað til setjið þjer
hæfan mann til að gegna sýslaninni.

Þetta er yður hjermeð tjáð til eftirbreytni og birtingar fyrir bæjar-
stjórninni.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu *um flutning* **80**
þingstaðar. **23. maí**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 29. f. m., og
beiðni hreppsnefndarinnar í Öxnadalshreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki
sitt til þess að þingstaður nefnds hrepps verði að Þverá í Öxnadal, enda annist
hreppsnefndin um það að jafnan verði til á þingstað þessum hæfilegt hús til
þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari
birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu *um flutning* **81**
þingstaðar. **23. maí**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 29. f. m., og
beiðni hreppsnefndarinnar í Árskógshreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki
sitt til þess, að þingstaður nefnds hrepps verði framvegis að Litla-Árskógssandi,
enda annist hreppsnefndin um það, að jafnan verði til á þingstað þessum hæfi-
legt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu *um kjörtímabil*
sýslunefndarmanna. **82**

Stjórnarráðið hefir 26. þ. m. sent yður, herra sýslumaður, svohljóðandi **31. maí**
simskeyti:

»Með simskeyti í dag hafið þér skýrt stjórnarráðinu frá að þjer 23. þessa
mánaðar hafið felt úr gildi ályktun sýslunefndar Suður-Múlasýslu á aðalfundi 22.
þessa mánaðar um að Guðmundur Ásbjarnarson skuli sitja á fundinum sem sýslu-
nefndarmaður Eskifjarðarhrepps. Með því að stjórnarráðið telur þenna úrskurð
yðar andstæðan lögum, hefir það samkvæmt 81. grein sveitarstjórnarlaganna felt
nefndan úrskurð yðar úr gildi. Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og
birtingar fyrir sýslunefndinni, að því viðbættu, að ástæður fyrir þessum úrskurði
stjórnarráðsins verða birtar yður brjeflega með næsta pósti.«

Þetta staðfestist hjermeð.